



Minnisblað

Dagsetning: 25. nóvember 2024
Viðtakandi: Sóley Jónasdóttir, Vegagerðinni
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands

Efni: Norðausturvegur um Skjálfandafljót í Kinn, veglína B.

Inngangur

Náttúrustofa Norðausturlands kannaði fuglalíf við fyrirhugað vegstæði þjóðveg 85 um Skjálfandafljót í Kinn árið 2020 (Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Yann Kolbeinsson 2020). Árið 2023 voru gerðar breytingar á fyrirhuguðu vegstæði og var Náttúrustofa Norðausturlands fengin til að álykta um áhrif þess vegstæðis út frá þeim rannsóknum sem fram fóru árið 2020 (Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Linberg Þórarinsson 2023). Nú hefur Vegagerðin bætt við öðrum kosti sem mun fylgja að mestu núverandi vegi. Þessi nýi valkostur er kallaður veglína B en sá fyrri veglína A. Hér verður gerð grein fyrir áhrifum veglínu B á fugla, byggt á rannsóknum sem fram fóru árið 2020 og þau borin saman við fyrra mat á áhrifum veglínu A á fugla.

Áhrif veglínu B, á fugla og samanburður við veglína A.

Veglína B vikur frá núverandi Norðausturvegi á fjórum stöðum, þar sem beygjur eru gerðar meira aflíðandi og við það munu búsvæði fugla skerðast. Til einföldunar verða þessi svæði kölluð frávik 1 – 4 þar sem frávik 1 er næst þjóðvegi 1 en frávik 4 næst Húsavík.

Frávik 1 er við gatnamót Norðausturvegar og Út-Kinnarvegar þar sem veglína B liggur allt að 300 m frá núverandi vegi. Á þessum stað er mjög lítil munur á legu veglínu A og B. Frávik 1 fer um votlendi sem ræst hefur verið fram að hluta. Búsvæðið er ekki ólíkt því sem kallað var „mýrlendið“ í skýrslunni frá 2020 og afmarkast af Norðausturvegi í suðri, Út-Kinnarvegi í vestri og Skjálfandafljóti í austri og norðri. Aðeins var talið á tveimur punktum á þessu svæði árið 2020 og benda niðurstöðurnar til sömu tegundasamsetningar og í mýrlendinu en minni þéttleika sem skýrist líklega af meiri nálægð við þjóðveg. Þær tegundir sem líklegastar eru til að tapa búsvæði vegna frávika 1 eru hrossagaukur, jaðrakan, lóupræll, spói, stelkur, þúfutittlingur og skógarpröstur. Þar sem svæðið er ekki stórt er um fáa einstaklinga af þessum tegundum að ræða sem yrðu fyrir búsvæðamissi. Búast má við að endur og gæsir geti nýtt svæðið að einhverju leyti en bæði rauðhöfðaönd og grágæs sáust í nágrenninu við athuganir árið 2020.

Frávik 2 fer frá nýrri brú yfir Skjálfandafljót, skammt norðan núverandi brúar, og inn á Norðausturveg nokkru norðan brúarinnar. Þetta svæði var ekki skoðað árið 2020 og byggir umræðan því á skoðun loftmynda og vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og samanburði við svæði sem skoðuð voru. Frávik 2 vikur allt að 200 m frá núverandi Norðausturvegi og fer að mestu um mó- og moslendi, að hluta vaxið víðikjarri. Líklega er þetta búsvæði líkast því sem er á milli Skjálfandafljóts og Húsabakka af þeim svæðum sem skoðuð voru árið 2020. Þar var talið á tveimur punktum og tegundir sem sáust voru spói, skógarpröstur og þúfutittlingur. Að auki verða heiðlóa og hrossagaukur að teljast líklegir fuglar í þessu búsvæði. Vegna stuttrar vegalengdar frávika 2 eru aðeins fáir einstaklingar sem verða fyrir áhrifum.



Frávik 3 er norðan við Garðsnúp þar sem beygja er gerð meira aflíðandi. Þar sem færslan nær yfir stuttan kafla og vikur mest fáa tugi metra frá núverandi vegi eru áhrif á fuglalíf talin óveruleg.

Frávik 4 er við gatnamót Norðausturvegar og Aðaldalsvegar. Bæði veglínur A og B munu fylgja þessari leið. Þessi leið var ekki skoðuð sumarið 2020 en þá voru fuglar taldir á 13 punktum nokkru norðar. Þeir punktar eru í samskonar vistgerð og frávik 4 fer um, lynghraunavist. Þær tegundir sem einkenndu svæðið voru heiðlóa, hrossagaukur, spói, skógarþröstur og þúfuttittlingur. Steindepill er tegund sem búast má við að finnist í þessu búsvæði þó hann hafi ekki fundist við athugun árið 2020.

Veglína B kemur til með að skerða búsvæði fugla. Þær mófuglategundir sem gætu orðið fyrir áhrifum eru heiðlóa, lóupræll, hrossagaukur, jaðrakan, spói, stelkur, steindepill, skógarþröstur og þúfuttittlingur. Andfuglar gætu einnig orðið fyrir tapi á búsvæðum. Engin þeirra tegunda sem um ræðir eru á valista en heiðlóa, lóupræll, jaðrakan, spói og stelkur eru allar ábyrgðartegundir Íslands og heiðlóa og lóupræll að auki í 1. viðauka ályktunar 6 við Bernarsamninginn um tegundir sem þarfnast búsvæðaverndar. Vegna þess um hve lítið svæði er að ræða þá munu áhrif veglínu B vera óveruleg og aðeins ná til fárra einstaklinga af stórum stofnum þessara tegunda. Rétt er þó að hafa í huga uppsöfnuð áhrif vegagerðar sem stöðugt heggur skarð í búsvæði mófugla.

Í samanburði við veglínu A þá verður veglína B að teljast mun betri m.t.t. áhrifa á fugla. Veglína A fer mun lengri veg um óröskuð svæði þar sem þéttleiki fugla er mikill og margar tegundir eru samkvæmt athugun árið 2020. Veglína B mun einungis að litlu leyti fara um óröskuð svæði og eru þau þar að auki ekki eins ríkuleg búsvæði fugla og veglína A myndi fara um. Veglína A mun því raska mun meira af mikilvægum búsvæðum fugla. Veglína A er af þessum sökum talin hafa talsverð neikvæð áhrif á fuglalíf en veglína B óveruleg áhrif.

Heimildir

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Yann Kolbeinsson 2020. *Fuglalíf við nýjan Norðausturveg um Skjálfandafljót*. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2008.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Linberg Þórarinsson 2023. *Norðausturvegur (82-02) um Skjálfandaflót í Kinn, nýtt vegstæði*. Minnisblað Náttúrustofu Norðausturlands til Vegagerðarinnar frá 6. nóvember 2023.